

FUNDARGERÐ

356. fundar stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík haldinn 11. febrúar 2015 kl. 15.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Bryndís H. Torfadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Hrafnkell Ársælsson, Níels Árni Lund, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Sighvatur Björgvinsson. Einnig sat fundinn Gísli Jafetsson sem ritar fundargerð og Guðmundur R. Óskarsson endurskoðandi, Endurskoðun og reikningshald, vegna liðar 2.

Þetta gerðist:

1. Fjármálin / félagsmenn og fjölgun í 9000.
Þórunn gerði að umtalsefni þá miklu fjölgun félagsmanna undanfarnar vikur.
2. Ársreikningur – yfirferð endurskoðenda
Niðurstöður ársins er að halli var á starfsemi félagsins upp á 675 þús.
Hér ber að hafa í huga 11% tekjulækkun varð hjá félaginu
Rekstargjöld lækka um 7% í heild

Á árinu 2013 var fært til tekna í félaginu 3,9 mkr frá byggingarnefnd en aðeins kr 300 þús. á síðasta ári. Í ársreikningi árið 2014 er framsetningu breytt og eru þessar tekjur færðar meðal óreglulegra liða þ.e. annarra tekna og gjalda í rekstrarreikningi. Afkoma af reglulegri starfsemi er því 975 þús. kr. halli árið 2014, en 1.211 þús. kr. halli árið 2013. Afkoma ársins er 675 þús. kr. halli, en 2.683 þús. kr. hagnaður 2013.
Fasteignin Stangarhylur 4, er 97% eigna félagsins

Fjármál og uppgjör vegna Hólabergs er í gangi. Reikningur byggingarnefndar vegna 2013 kominn og unnið er í reikningi síðasta árs. Verið er að vinna í uppgjöri við SS Verktaka.
3. Ársskýrslan – drög
Stjórnarmenn höfðu fengið drög að skýrslu stjórnar sendar til yfirlestrar fyrir fundinn. Athugasemdir yfirfarnar og færðar inn.
4. Aðalfundurinn
Aðalfundurinn verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík 20. febrúar kl. 16.00.
Framboðsfrestur er liðinn. Eingöngu eitt framboð, frá uppstillingarnefnd, kom fram til formanns. Komin fram önnur framboð til stjórnar en frá uppstillingarnefnd. Samkvæmt 3. gr. laga félagsins hafa greiðandi félagsmenn eingöngu félagsleg réttindi.
5. Félagsgjald 2015
Samþykkt að leggja fyrir aðalfundurinn að árgjald 2015 verði 3.800 kr.
6. Afhending kjörskrár
Komið hefur fram ósk tveggja félagsmanna um að fá afhenta félagaskrá með netföngum. Ekkert ákvæði er um heimild til slíkrar afhendingar félagaskrár og netfangalista í lögum félagsins. Leitað var til Persónuverndar og miðað við svör þaðan þá lögðust stjórnarmenn almennt á móti slíkri afhendingu.
7. Kjörstjórn / fundarstjóri
Rætt um fundarstjóra og kjörnefnd og nöfn nefnd í því samhengi.
8. Ályktun
Í framhaldi umræðna m.a. í tölvupósti milli stjórnarmanna um ályktun um *Þjóðarsátt um málefni aldraðra* - þar sem tekið yrði á þessum málum í heild sinn sem Níels Árni og Sighvatur hafa unnið að þá var ákveðið að vinna að breyttu orðalagi og styttingu ályktunarinnar. Samþykkt að í þá vinnu fari Níels Árni, Sighvatur og Þórunn.
9. Tillaga um lóðina í Mjódd

Samþykkt var að leggja ekki fram tillögu á aðalfundinum um framkvæmdir á vegum félagsins. Farið verði betur í hlutverk bygginganefndar og fleiri tengd atriði eftir tillögu Brynjólfs.

10. Ferðir næsta sumars

Gísli fór yfir ferðir komandi sumars innanlands sem erlendis. Upplýsingar um ferðirnar munu liggja fyrir á aðalfundinum.

11. Öldungaráð

Samkvæmt nýrri tilkynningu frá Reykjavíkurborg þá mun FEB eiga tvo fulltrúa í Öldungaráði borgarinnar og verði gætt að jöfnu kynjahlutfalli. Gengið frá tilnefningu: Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Hrafn Magnússon aðalmenn, til vara Brynjólfur I. Sigurðsson og Bryndís Hagan.

12. Önnur mál

13. Sighvatur lagði til að stofna þyrfti nýja nefnd - þrýstihóp innan félagsins sem heita mætti Hagsmunanefnd / Velferðarnefnd, svo væri alvarleiki málsins mikill og nefndi framkvæmdasjóð aldraðra í því sambandi. Tillaga Sighvats samþykkt.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið um kl. 17.15.